

## Reglur FSÍ um félagaskipti

### 1. gr.

#### *Gildissvið og markmið.*

Reglur þessar er ætlað að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um félagaskipti keppenda í fimleikum sem falla undir reglurnar. Reglurnar taka til fimleikafólks sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a) Eru keppendur í áhaldafimleikum karla og kvenna 12 ára og eldri m.v fæðingarár, sem keppt hafa á mótum FSÍ á Íslandi, á mótum EG og/eða FIG erlendis
- b) Eru keppendur í hóp fimleikum/stökkfimi, 12 ára og eldri m.v fæðingarár, sem keppt hafa á mótum FSÍ á Íslandi, á mótum EG og/eða FIG erlendis.

### 2. gr.

#### *Félagaskiptatímabil.*

Keppendum í fimleikum sem falla undir reglur þessar er heimilt að eiga félagaskipti á tímabilinu frá 1.- 22. janúar og 15. ágúst – 1. október, að báðum dögum meðtöldum. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil.

Þrátt fyrir 1. mgr. eru félagaskipti heimil ef fimleikadeild félags er lögð niður í heild sinni, eða flokkur eða þrep, sem æfa skal er ekki í boði í félaginu.

Tilkynningar um félagaskipti, sem berast FSÍ utan félagaskiptatímabils skulu teljast afhentar á fyrsta degi næsta félagaskiptatímabils á eftir.

### 3. gr.

#### *Tilkynningar um félagaskipti.*

Tilkynningar um félagaskipti skal afhenda á skrifstofu FSÍ á þar til gerðu eyðublaði. FSÍ skal innheimta félagaskiptagjald og greiðir iðkandi gjaldið.

FSÍ staðfestir félagaskipti þegar að félagaskiptaglugginn lokast. Til að félagaskiptin teljist lögleg þarf formaður/framkvæmdastjóri aðalstjórnar eða fimleikadeildar þess félags er fimleikamaðurinn hverfur frá, að staðfesta með undirskrift sinni og stimpli félags að fimleikamaðurinn sé skuldlaus félaginu. Eins þarf formaður/framkvæmdastjóri aðalstjórnar eða fimleikadeildar þess félags er fimleikamaðurinn gengur í, að staðfesta með undirskrift sinni og stimpli félags að félagið taki við viðkomandi fimleikamanni. Sé keppandi undir lögaldri þarf samþykki foreldris eða forráðamanns á tilkynningu um félagaskiptin.

### 4. gr.

#### *Gildistaka félagaskipta.*

Félagaskipti skulu miðast við þann dag sem FSÍ sendir staðfestingu á félagaskiptum. Sé tilkynningin ekki útfyllt í samræmi við ofanskráð, tilkynnir FSÍ félaginu sem fimleikamaðurinn óskar eftir að ganga úr um félagaskiptin. Svári félagið ekki innan 30 daga, teljast félagaskiptin lögleg.

### 5. gr.

#### *Birting.*

FSÍ staðfestir félagaskiptin með birtingu fréttar á heimasíðu sambandsins, frá og með þeim tíma telst keppandi löglegur með nýja félaginu.

6. gr.

*Ágreiningur.*

Komi upp ágreiningur um félagaskipti skal stjórn FSÍ úrskurða í málinu. Úrskurði þessum geta báðir aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ.

7. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með stoð í 25. gr. laga um Fimleikasamband Íslands og öðlast gildi við birtingu á vef Fimleikasambandsins.

*Úrdráttur:*

*FERLAR:*

*Til að félagaskiptin teljist lögleg þarf formaður aðalstjórnar eða fimleikadeildar þess félags er fimleikamaðurinn hverfur frá, að staðfesta með undirskrift sinni og stimpli félags að fimleikamaðurinn sé skuldlaus félaginu.*

*Sé tilkynningin ekki útfyllt í samræmi við ofanskráð, tilkynnir FSÍ félaginu sem fimleikamaðurinn óskar eftir að ganga úr um félagaskiptin með tölvupósti. Svári félagið ekki innan 30 daga frá dagsetningu tölvupóstsins, teljast félagaskiptin lögleg.*

*FSÍ staðfestir félagaskiptin með birtingu fréttar á heimasíðu sambandsins.*

***Greiðsla til FSÍ fyrir félagaskipti skal vera kr. 2.500,-***